

Lög

Nr. 74
28. nóv.

um

húsagerð ríkisins.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1 gr.

Landsstjórninni er heimilt að láta reisa, svo fljótt sem því verður við komið:

1. Landsspítala.
2. Íbúðarhús á Hvanneyri.
3. Viðbót við geðveikrahælið á Kleppi.
4. Skólahús á Eiðum.
5. Húsmæðraskóla á Norðurlandi, samkvæmt lögum nr. 37, 26. okt. 1917.

2. gr.

Til húsagerða þeirra, sem umræðir í 1. gr., er stjórninni heimilt að taka á ábyrgð ríkissjóðs nægilega stórt lán, er endurgreiðist á 20—30 árum.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalfuborg, 28. nóvember 1919.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jón Magnússon.